

Samgöngunefnd Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. desember 2004
Tilvísun: 2004110043/90.12; lagafrumvörp; reglur
SE/BH
19.11.2004

Efni: Frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. mál.

Með bréfi dags. 18.11. sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. mál. Frumvarpinu er ætlað að kveða á um starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa, sem hafi það hlutverk að rannsaka tildrög umferðarslysa og koma með tillögur um úrbætur í öryggisátt á sviði umferðarmála. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi 115. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kveðið er á um að ráðherra geti skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Með frumvarpinu er ætlunin að skjóta frekari lagalegum stoðum undir störf nefndarinnar og kveða nánar á um hlutverk og markmið nefndarinnar, skipulag, framkvæmd rannsókna, samningu skýrslna og aðgang að gögnum.

Af hálfu Vegagerðarinnar er lýst ánægju með að ætlunin sé að styrkja lagagrundvöll rannsókna á umferðarslysum til að unnt sé að grafast fyrir um orsakir þeirra og með því stuðla að úrbótum á sviði umferðaröryggismála. Almennt er ekki gerð athugasemd við efni frumvarpsins í heild en æskilegt væri þó að taka skýrar fram í lögnum sjálfum hvert er markmið og tilgangur laganna. Þrátt fyrir að ekki séu gerðar athugasemdir við helstu efnisatriði frumvarpsins eru nokkur atriði sem betur mætti fara.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skipar ráðherra 3ja manna rannsóknarnefnd umferðarslysa og skipar einn þeirra formann nefndarinnar. Nefndinni er ætlað að vinna sjálfstætt og óháð stjórnvöldum í störfum sínum. Jafnframt skipar ráðherra forstöðumann nefndarinnar sem ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar, gætir þess að rekstur nefndarinnar sé innan ramma laga og reglugerða auk þess að ráða til hennar starfslið. Forstöðumanni er einnig ætlað að stýra rannsóknarverkefnum nefndarinnar og nefnist þá rannsóknarstjóri hennar. Samkvæmt frumvarpinu er gerður greinarmunur á réttarstöðu og verkefnaskiptingu nefndarinnar annars vegar og rannsóknarstjóra hennar hins vegar við framkvæmd einstakra rannsókna. Þannig er rannsóknarstjóra í 8. gr. veittar ýmsar heimildir varðandi vettvangsrannsókn, s.s. að óska aðstoðar lögreglu og til skýrslutöku og gagnasöfnunar. Ennfremur er kveðið á um skyldu hans til samráðs við lögreglu.


Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er rannsóknarstjóra veitt heimild til að taka í vörslu ökutæki eða annað sem nauðsynlegt er vegna rannsóknar en nefndinni hins vegar í 3. mgr. sömu greinar falið að skila því eins fljótt og unnt er.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um ýmsar heimildir nefndarinnar og rannsóknarstjóra og þá ýmist að rannsóknarnefndin eða nefndin og rannsóknarstjóri fari með þær heimildir. Í þagnarskylduákvæði 11. gr. er hins vegar ekki minnst sérstaklega á rannsóknarstjórnann.

Þessi aðgreining á heimildum rannsóknarstjóra og rannsóknarnefndar er óheppileg og ekki að öllu leyti til skýringar. Eðlilegast væri að orða ákvæðið með þeim hætti að rannsóknarnefndin hefði allar þessar heimildir enda verður að ætla að rannsóknarstjóri starfi í umboði nefndarinnar. Samkvæmt 6. gr. stýrir rannsóknarstjóri rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar og hlýtur þar af leiðandi að fara með rannsóknarheimildir nefndarinnar með sama hætti og nefndarmenn. Til að taka af tvímæli um það í frumvarpinu mætti taka fram að forstöðumaður nefndarinnar hafi sömu heimildir og nefndarmenn til vettvangsrannsókna og öflunar upplýsinga.

Ofangreint eru helstu atriði sem Vegagerðin telur að gera megi athugasemdir við í frumvarpinu en ítrekað skal að almennt telur Vegagerðin frumvarpið til bóta með þeim úrbótum sem að framan greinir.

Virðingarfyllst,



Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri